

Ed.

318. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunar-
kostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt frv. á tveimur nefndarfundum og áhrif þess til að draga úr kostnaði fyrir þá, er verða að kynda upp húsnæði sitt með olíu. Á fundi nefndarinnar komu ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri viðskipta-
ráðuneytisins og einnig hagrannsóknastjóri, ásamt fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun. Þessir aðilar gerðu grein fyrir framkvæmd gildandi laga og kostnaði við olíu-,
jarðvarma- og rafmagnsupphitun í landinu. Samkvæmt því kom í ljós, að meðal-
verð á olíu til húshitunar fyrir árið 1974 reyndist vera kr. 12.53, en er nú kr. 20.20. Hér er því um hækkun að ræða, er nemur 61.2%, og enn má reikna með að olía
hækki nokkuð. Augljóst er því, að þeir, sem nota olíu til húshitunar, munu enn
fá á sig aukin útgjöld vegna þessarar verðþróunar.

Í 1. gr. frv. segir, að leggja skuli 1% söluskatt á til þess að draga úr áhrifum
verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Eftir því sem næst verður komist
munu notendur olíu til hitunar húsnæðis síns vera um 95 þús. manns og miðað
við nógildandi verðlag yrði kostnaður á mann reiknað á 95 m³ rými á hvern mann
samtals 23 028 kr. Tilsvarendi kostnaður reiknað á sama hátt fyrir þá, er njóta
jarðvarma með verðlagi 32 kr. pr. tonn af heitu vatni, yrði 6 536 kr. Augljóst er
því, að þeir, sem njóta hitaveitu nú þegar, búa við verulega betri lífskjör, er
nemur mörgum tugum þúsunda hjá hverri fjölskyldu á árstímabili. Það er talið
réttlæt看legt að leggja á 1% söluskatt, er síðan sé jafnaður út til þeirra, er verða
að kynda hús sín með olíu.

Undirritaðir telja, að þessi styrkur geti ekki verið minni vegna verðþróunar
þeim í óhag, er nota olíu, en 10 000 kr. á ári á mann. Gert er ráð fyrir, að eitt
söluskattsstig muni gefa um 960 millj. kr. alls á yfirstandandi ári og ekki verður
annað séð en hér sé varlega áætlað. Það er því augljóst mál, að þótt styrkurinn
sé hækkaður upp í 10 000 kr. á hvern mann á ári mun enn verða eftir talsverð
upphæð, sem getur komið til ráðstöfunar samkv. liðum b og c í breytingartillögu
okkar, einkum þegar það er haft í huga, að á næstu mánuðum mun tenging hita-
veitu við íbúðarhúsnæði eiga sér stað í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði.
Þess er að vænta, að framkvæmdum í þessu skyni seinki ekki, svo að fleiri geti
notið kosta hitaveitu.

Við undirritaðir teljum, að ekki geti með rökum verið um lægri upphæðir til
jöfnunar á hitunaraðstöðu að ræða á hvern íbúa en 10 000 kr. miðað við árs-
greiðslu. Því berum við fram á sérstöku þingskjali tillögu um þessa greiðslu og
einnig að þeir, sem noti rafmagn til upphitunar húsa sinna, þurfi ekki að sæta
hærri hitunarkostnaði á húsnæði sínu en olíuupphitun hefur í för með sér.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds.
frsm.